

TITILL: Gauks saga

VIÐBURÐUR: Erindi um vinnuna við leikritið um Gauk á Stöng og Þuríði á Steinastöðum

HÖFUNDUR: Vilborg Halldórsdóttir, leikkona, leikstjóri og fararstjóri

DAGSETNING: 27. janúar 2010

STAÐUR: Hótel Hekla

SAMSTARFSADILI: Þjórsárdalsklasinn „Undan öskunni“

GAUKS SAGA

Þetta landsvæði vantar „ídentitet“ eða karaktereinkenni og miðpunkt... Gaukur gæti orðið hluti af karakternum... kannski Árnæs miðpunktur...og Þjóðveldisbærinn leikhúsið; útileikhúsið, segullinn sem dregur fólk að... eins og fólk fer að skoða gömlu grísku útileikhúsin í Grikklandi og njóta leiklistar þar á staðnum. Það er þessi STAÐARUPPLIFUN sem þessi tilgátubær/ þjóðveldisbærinn getur boðið uppá... þegar náttúran vefst saman við söguna...

Ég heiti Vilborg Halldórsdóttir og er leikkona og fararstjóri. Hvernig kem ég að þessu verkefni? Jú, það er í gegnum forkinn hana Sigrúnu í Fossnesi en ég kynntist henni þegar ég byrjaði sem fararstjóri í hestaferðum. Þegar hún kom að máli við mig fyrir um ári síðan vissi ég harla lítið um Gauk Trandilsson og Þjórsárdalinn, samt hafði ég ferðast þarna um allavega tvisvar í hestaferðum! Það segir nokkuð um fáfræði mína en einnig undirstrikar það hversu mjög svæðið þarfnast kynningar, „ídentitets“.

Hvað er nú það? Það er einkonar skurðpunktur/persónugervingur... svona eins og Fjalla- Eyvindur hefur í tímans rás orðið órjúfanlegur hluti Hveravalla á Kili, einkonar persónugervingur þessa hrjóstruga svæðis.

Af hverju? ... Jú, af því Eyvindahellir er enn til, þá er auðvelt að tengja saman helli, svæðið, dramatík þeirra Höllu og Eyvindar og dýpka verulega upplifun ferðamanna sem heimsækja svæðið. Þetta segi ég því þetta hefi ég upplifað ótal sinnum. Ferðamenn sem ég hef ferðast með um landið hafa enda í lok ferðar seint þreyst á að dásama upplifun sína af þessari eyju sem á svona ríkan menningararf. Þetta er menningartengd ferðaþjónusta í hnotskurn; þegar sagan er þrædd saman við náttúruupplifun.

En að Gauki: Í Þjórsárdal býður heilt svæði/leiksvæði eftir því að persónugervingur þess flytjist þangað, allavega að sumarlagi. Fyrst þarf þó að skapa honum umbúðir og þar kem ég inn í:

Og hvað hef ég í höndunum til að skapa þetta aðdráttarafl sem seiða á fólk á svæðið og segja því sögu sem það helst gleymir aldrei, því saga Gauks og Þuríðar er stórkostleg dæmisaga um svo margt.

Gauks sögu Trandilssonar var áætlaður staður eftir Njálssögu í Möðruvallabók. Það segir sitthvað um mikilvægi hennar.

Hvaða bók var aftur Möðruvallabók?

„Stærst og mest allra fornra handrita að Íslendingasögum er Möðruvallabók. Hún var skrifuð um miðbik 14. aldar, og eru 189 blöð varðveitt, Í bókinni eru ellefu sögur, og væru sumar þeirra aðeins til í brotum ef texta hennar nyti ekki við: Njáls saga, Egils saga, Finnboga saga, Bandamanna saga, Kormáks saga, Víga-Glúms saga, Droplaugarsona saga, Ölkofra saga, Hallfreðar saga, Laxdæla saga og Fóstbræðra saga.“

Bókin var nefnd eftir klaustrinu sem hún var skrifuð í eða hvar kópieraðar voru sögur á skinn. Klaustrin voru því nokkurskonar ljósritunarstofur þeirra tíma. Og Möðruvallaklaustur var mjög öflugt í skrifum...

Okkar drama hér er það, að GAUKS SAGA eða ÞJÓRSDÆLA er glötuð....Kannski var hún étin, máski brann hún í Kaupinhafn, eða fór niður með handritaskipi. Ég átti gott spjall við Jón Böðvarsson og taldi hann það einnig möguleika að Þjórsdæla hefði farið niður með skipi því er Svíar voru búnir að fylla af íslenskum skinnhandritum, en sökk í sæ á 12.-13. öld. „Þú... hefur því algjört listrænt frelsi!“ sagði sérfræðingurinn...

Segja má að til séu sjö stiklusteinar, sem Gauks sögu mætti byggja á:

1. NJÁLA: „Það má ráða að líkindum að mikil saga hafi gengið í fornöld frá Gauki Trandilssyni, og sér hennar ennþá stað á víð og dreif, þótt mestur hlutur sé í gleymsku fallinn. Njála segir (í 26. kap.) að Gaukur væri fóstbróðir Ásgríms Elliðagrímssonar og hafi hann verið „fræknastr maðr ok best at sér gerr“. En vináttu þeirra sleit á eftirminnilegan hátt: „þar varð illa með þeim Ásgrími, því at Ásgrímr varð banamaðr Gauks“. Síðar í Njálu (í 139. kap.) segir Skafti Þóroddson við þá Ásgrím og Gissur hvíta, í sambandi við liðsbón þeirra:

„Vjer erum óskaplíkir. Þið þykist hafa staðið í stórræðum; þú Gissur hvíti, er þú sóttir Gunnar að Hlíðarenda, en Ásgrímur af því er hann drap Gauk fóstbróður sinn.“ Ásgrímur svarar: „Fár bregður hinu betra, ef hann veit hið verra. En þat munu margir mæla at eigi dræpa ek Gauk fyrri en mér var nauðr á“en að öðru leyti er þagað yfir tildrögum vígsins.

Ég hélt fyrst að fóstbróðir Gauks, Ásgrímur Elliða-Grímsson í Bræðratungu, hefði verið einhver aukapersóna í Njálssögu – en aldeilis ekki, hann er lykilpersóna og helsti ráðgjafi Njáls og samstarfsmaður í málaflækjum á Alþingi. Það hversu mikilvægur og valdamikill Ásgrímur var, getur gefið okkur vísbendingu um stöðu Gauks. Svo hátt settur höfðingjasonur og Ásgrímur var, hefði aldrei farið að gerast fóstbróðir....„bara einhvers“... Margoft er því vikið að höfðingjasyninum í Tungu í Njálu.

2. Um Gauk er ennfremur kveðinn einn víshelmingur, drápu Hauks Valdísarsonar, en hann orti kvæði um mestu afreksmenn sögualdar og kallaði Íslendingadrápu:

Og geirraddar gladdi

Gaukur Trandilsson hauka,

geig vann heldur að hjaldri

hann ófáum manni.

„og Gaukur Trandilsson gladdi geirraddar hauka“ (haukar orustugnýsins (þ.e. spjóts-/geirraddarinnar) eru hrafnar, sem Gaukur gleður með því að drepa menn og gefa hröfnunum þannig lík að éta – svo þeir verði glaðir), „hann vann heldur ófáum manni geig að hjaldri“ (þ.e. hann gerði marga hrædda („vann þeim geig“ í orrustugný („hjaldrí“)).

3. Ætt Gauks er einnig rekin í Landnámu Hauks lögmanns. Einskonar „GOOGLE-EARTH“, færumst við sífellt nær söguviðinu....

Þorbjörn jarlakappi hét maður norrænn að kyni; hann fór úr Orkneyjum til Íslands. Hann keypti land í Hrunamannahrepp að Mávi Naddoðssyni, allt fyrir neðan Selslæk á milli Laxár og bjó að Hólum.

Þrándur mjögsiglandi Bjarnason, bróðir Eyvindar austmanns, varð síðan landflótti og kom til Íslands síð landnámatíðar; hann nam land milli Þjórsár og Laxár og upp til Kálfár og til Sandlækjar. Hann bjó í Þrándarholti. Hans dóttir var Helga, er Þormóður skapti átti...

Ölvir barnakarl hét maður ágætur í Noregi; hann var víkingur mikill. Hann lét eigi henda börn á spjótaoddum, sem þá var víkingum títt; því var hann barnakarl kallaður. Hans synir voru þeir Steinólfur, faðir Unu, er átti Þorbjörn laxakarl, og Einar, faðir Ófeigs grettis og Óleifs breiðs, föður Þormóðar skafta. Þeir frændur, Ófeigur grettir og Þormóður skafti, fóru til Íslands og voru hinn fyrsta vetur með Þorbirni laxakarli mági sínum. En um vorið gaf hann þeim Gnúpverjahrepp, Ófeigi hinn ytra hlut milli Þverár og Kálfár, og bjó hann á Ófeigsstöðum hjá Steinsholti, en Þormóði gaf hann hinn eystra hlut, og bjó hann í Skaftaholti.

Þorbjörn laxakarl nam Þjórsárdal allan og Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár og bjó hinn fyrsta vetur að Miðhúsum. Hann hafði þrjár vetursetur, áður hann kom í Haga; þar bjó hann til dauðadags. Hans synir voru þeir Otkell í Þjórsárdal og Þorkell trandill....

4. Gaukur hefur þá sérstöðu, að utan Íslands er vikið að honum, einum íslenskra fornkappa í orkneyskri rúnaristu í MAESHOWE, Máshaugi/ Orkahaugi á Orkneyjum.

Þessar rúnar
reist sá maður
er rýnstur er
fyrir vestan haf, (þ.e ÍSLANDI)
með þeirri öxi
er átti Gaukur
Trandilssonur
fyrir sunnan land.

5. Frá síðari öldum er til vísa (stef úr dansi eða vikivaka?)... „Önnur var öldin er Gaukur bjó að Stöng, þá var ei til Steinastaða leiðin löng...”

Þarna er ýjað að sambandi hans við Þuríði, konuna/stúlkuna á næsta bæ.... Á ástkonu hans og örlagavald er minnst í Landnámu... og sagt frá því að Þjórsdælir vildu grýta Þuríði, því þeir kenndu henni um víg Gauks.

6. Landnáma segir frá Arngeiri, sem nam Sléttu milli Hávararlóns og Sveinungsvíkur. Þorgils og Oddur voru synir hans og dóttirin Þuríður. Arngeir og Þorgils fóru eitt sinn í smalamennsku og urðu fyrir árás bjarndyrs, sem drap þá báða. Oddur kom að vígvellinum, drap björninn og flutti hann heim og át. Hann varð hamrammur af átinu og erfiður viðureignar. Hann gekk frá Hraunhöfn, en Hraunhafnartangi á Melrakkasléttu er nyrzti tangi landsins, að kvöldi og kom morguninn eftir í Þjórsárdal (!) til að liðsinna systur sinni á Steinastöðum, sem Þjórsárdælingar ætluðu að grýta í hel fyrir tröllskap.

7. Söguleg skáldsaga Sigurjóns Jónssonar frá árinu 1953: Gaukur Trandilsson.

Er þörf á þessu leikriti?

Upp úr örheimildum þessum hefur sprottið handrit sem er í vinnslu.

Inntakið í sögu minni er ástarsaga tveggja einstaklinga á Þjóðveldisöld, þegar ungt fólk var aðeins það í valdastyrkingu ættanna er réðu Íslandi. Ekki var spurt um ást. Fólk átti bara að hlýða og virða ákvarðanir sér eldri manna. Þetta er feðraveldistími og reynt er því að skoða og skrifa um reynsluheim kvennanna. Hver var staða þeirra eða aðstöðuleysi? Höfðu ættstærri konur meira frelsi en þær er lægra sátu í samfélagsstiganum? Hvernig var að vera aðkomumanneskja? Skipti máli hvaðan af landinu manneskjan kom? Hvernig var fyrir unga menn að hrærast í heimi hefndarskyldunnar?

Markmið listsköpunar þessarar er að reyna að endurheimta þessa sögu sem aðeins er til í brotum og tvíræðum hendingum í danskvæði. Þetta er stórsagan Þjórsárdalsins og því verður markmið uppfærslu þessarar alltaf að gefa af sér „afurð“ – verk sem verður til í dalnum um ókomin ár og á að þjóna þeim tilgangi að draga til sín gesti og gangandi, dýpka skilning þeirra á því samfélagi sem blómstraði undir því öskulagi er nú þekur þennan fagra dal. Gildi þessa verkefnis, að skapa GAUKS SÖGU, er því óumdeilanlegt.

Síðast og ekki síst yrði verk þetta segull í heimasveit, þ.e þetta er ekki hugsað til sýninga á höfuðborgarsvæðinu heldur í Þjórsárdal hvar sagan gerist. Markmið listsköpunarinnar er því listsköpun til fólksins og með fólkinu á staðnum.

Ég sé... og ég heyri... þessa ástarsögu leikna í tali og tónum. Tónarnir eins og koma frá jörðinni, gefa náttúrunni rödd. Við erum stödd langt inni í landinu, að baki okkur er jökullinn og töfraveröld hans. Langt í fjarskanum lengst lengst í norðri eru heimkynni stúlkunnar. Yfir langan eyðisand að fara...

Aldur fólks var annar á þessari tíð; stúlkur gjafvaxta fimmtán vetra og ég teldist nánast hafa gengið minn lífsveg.

Þjórsárdalur var meir í þjóðbraut heldur en nú... Skip komu að landi í Arnarbælisósi fyrir neðan þar sem Steinar undir Eyjafjöllum eru í dag. Hægt var að lenda skipum aðeins austar en Bergþórshvoll, þar sem nú er Hallgeirsey. Svo komu skip út við Eyrar og er þá átt við Eyrarbakka.

Á þessu sést hve suðurströndin var „virk“ – öðruvísi en í dag.

Þannig að streymið af fólki í dalinn var meira og margt manna komið hingað ófrjálst. Sem þýðir að hér um slóðir var margt manna einnig af keltnesku bergi brotið, þéttar(frumbyggjar Skotlands) eða finnar... sem þóttu rammgöldróttir... sbr. Finnagaldur.

Mér finnst mikilvægt að gera sér grein fyrir því að sagan gerist fyrir kristnitöku og hafa að leiðarljósi það „siðgæði“ sem ríkti á Þjóðveldisöld... en ekki fara að blanda kristnu siðgæði inn í söguna, eins og mér finnst Sigurjón Jónsson gera í sinni annars stórgóðu sögu, þ.e hann lætur þau Gauk og Þuríði aldrei elskast fyrr en Gaukur er búinn að vega eiginmanninn. Eitthvað hlýtur að vera búíð að gerast áður en til slíkra örprifaráða er gripið ... að drepa makann!

Saga Gauks og Þuríðar sem ég hef kosið að kalla GAUKS SÖGU er því saga um ástríðuglæp. Og þessi saga er hádramatísk... þetta er einskonar Rómeó og Júlíu saga um elskendur sem ekki fengu að eigast vegna ægivalds fjölskyldnanna sem öllu ráða...

Í upphafi nefndi ég það að skapa þyrfti svæðinu karakter, Gaukur gæti þannig orðið persónugervingur svæðisins... Þess vegna er nauðsynlegt að fólk rati í Þjórsárdalinn og því þarf að merkja. Sé ég fyrir mér STÓRA STEINEXI... (exi Gauks), við gatnamótin þar sem ekið er inn í Gnúpverjahrepp af Skeiðunum. Öxin yrði allavega 7-10 metra há og yrðu rúnirnar úr Orkahaugi höggvar í exina sem yrði að formi til eins og lítil handexi frá Þjóðveldisöld sem sjá má í Þjóðminjasafninu. Þið búíð nú svo vel að eiga einn fremsta myndhöggvara landsins hér í sveit; hana Brynhildi Þorgeirsdóttur frá Hrafnkelsstöðum í

Hrunamannahreppi, og er ég nú búin að orða þetta við hana. Nú þarf bara að fara í fjárleitir og gull finna...

Stefnt er að því að vera með tilbúna leiksýningu á sumarsólstöðum 2011 ef allt gengur eftir. Þessi sýning er hugsuð til framtíðar og til flutnings þær sex til átta vikur sumars sem Þjóðveldisbærinn er opinn gestum. Svo þegar starfi höfundar og leikstjóra lýkur, taki leikarar við og lifi og leiki ævi Gauks Trandilssonar í Stöng og Þuríðar Argeirsdóttur frá Hraunhöfn á Melrakkasléttu um ókomin ár – á sumri sem á vetri.

Að lokum vil ég kalla eftir... ljósmæðrum eða stuðningsneti sem kæmi að t.d. búningasaumi, smíði, skógerð, áhaldasmíði, vopnasmíði, jurtasöfnun o.fl. sem verkefnið mun kalla á. Við gætum kallað þetta stuðningsnet Gaukshreiðrið!